

Nr. 020 / 12 Herjólfur***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2164
Smíðaður: Noregi 1992, stál
Stærð: 2222,4 brl. 3354 bt
Mesta lengd: 70,7 m Skráð lengd: 67,6 m
Breidd: 16,0 m Dýpt: 10,7 m
Vél: Man B&W 5400 kw, 1992
Áhöfn: 14



Herjólfur©Hilmar Snorrason

Gögn:
Slysaskýrsla frá skipi
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 19. mars 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 21. október 2011 var Herjólfur á siglingu frá Vestmannaeyjum til Þorlákshafnar. Veður: SA 8-10 m/s, SV alda.

Skipverji var að fara niður stiga í vélarúmi þegar hann rann til og féll niður með þeim afleiðingum að hann snéri sig illa á vinstra hné.

Við rannsókn kom fram:

- að stiginn var aftan við bakborðsvélina og þurfti skipverjinn að beygja sig undir púströr á leiðinni en rann þá til og féll niður. Fallið var u.þ.b. 1,5 m;
- að skipverjinn var í viðurkenndum öryggisskóm en sagði hugsanlegt að fita hafi verið undir þeim.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.